

1863.

10. marzm.

forseta eptir stöðu hans, að afgreiða borgunarlaust þau mál-efni, sem eptir eru þegar þingi er slitið, þá virðist yður réttara, að til borgunar fyrir þetta sé ákveðin viss upphæð, er ekki ætti að fara fram úr 50 rd. fyrir hvert þing; hafið þér og í sambandi við þetta stungið upp á, að stiptamtmani verði falið á hendur að ávísa til útgjalds alla þá reikninga, sem koma eptir þinglok og snerta alþingi; þó sé vitaskuld, að forseti þingsins eigi áður að hafa ritað á þá vottorð sitt um, að þeir sé réttir.

Í þessu efni skal yður kunngjört, að dómsmálastjórnin fellst á hina síðast nefndu uppástungu, svo að öll þau gjöld, er alþingi snerta og eigi eru greidd fyrri en eptir þinglok, upp frá þessu skulu ávísað af stiptamtmani, í stað þess að forseti alþingis hefir að undanfögnu ávísað þau, og eruð þér beðnir að kunngjöra þetta landfógetanum og forseta á hinu næsta alþingi. En hvað það snertir, hvort forseti eigi heimting á nokkurri, og þá hverri borgun fyrir störf hans fyrir þingið eptir þinglok, þá verður stjórnarráðið að álíta réttast, að þetta atriði verði borið undir álit alþingis þess, sem haldið verður í sumar komandi, og biður yður því, herra stiptamtmaður, að hlutast til við koungsfulltrúa um þær ráðstafanir, er þarf í þessu efni, og ber að leggja fyrir þingið skýrslu um, hvernig forseti á alþingi síðustu árin hefir reiknað sér borgun fyrir störf sín.

10. marzm. **20. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um leyfi til að fá lán handa Reykjavíkur bæjarsjóði.**

Í skjali nokkru, er þér, herra stiptamtmaður, senduð dómsmálastjórninni með bréfi yðar, dagsettu 22. d. júlím. f. á., hefir bæjarsjórnin í Reykjavík skýrt frá, að tekjur bæjarsjóðsins fáiist svo seint, að það beri opt við, einkum fyrri hluta ársins, að ekki sé fæ til í sjóðnum til þeirra gjalda, er fyrir falla, svo að gjaldkerinn opt sé neyddur til að lána sjóðnum til bráðabyrgða af sínu eigin fæ og bíða eptir endurgjaldi þess

1863.

10. marzm.

nokkurn hluta ársins; hefir því bæjarstjórnin, til að bæta úr vankvæðum þeim, er af þessu leiða, sótt um að svo verði fyrir séð, að bærinn geti aflað sér fjár nokkurs, sem grípa mætti til, þegar er kringumstæðurnar gjörðu það nauðsynlegt, án þess að bærinn þarvið lidi nokkurn peningamissi, og að í þessum tilgangi verði leyft, að bærinn móti veði í fasteignum sínum taki hér um bil 800 ríkisdala lán, er svarað sé af vöxtum með 4 af hundraði árlega, og skuli fê þessu komið í óuppsegjanleg ríkisskuldabréf, er hljóði upp á eigandann; skuli skuldabréf þessi veðsett fyrir bráðabyrgðarláni því, sem bæjarsjóðurinn þurfa kynni til gjalda þeirra, er fyrir falla fyrri helming ársins, og bæjarstjórnin vonast eptir, að greiða mætti lán þetta af eptirstöðvum jarðabókarsjóðsins, en síðan skyldi lán það, er þannig hefði tekið verið, ávallt endurgoldið jafnskjótt og sjóðurinn væri búinn að fá tekjur þær, sem til eru færðar í tekju- og gjalda-áætlun hans á ári hverju.

Um þetta efni tilkynnir dómsmálastjórnin yður, yður til leiðbeiningar og til þess þér kunngjörið það, að stjórnarráðið er yður samdóma um það, herra stiptamtmaður, að áðurgreind uppástunga bæjarstjórnarinnar ekki verður tekin til greina; en þar sem þér hafið látið í ljósi það álit yðar, að á hagfelldastan hátt verði bætt úr vankvæðum þeim, sem kvartað er yfir, með því móti, að ákvörðunum þeim, sem nú gilda um gjalddaga bæjartekjanna, sé breytt þannig, að ákveðið sé, að þær skuli goldnar á hverju hálfu missiri, og ávallt fyrirfram, það sem greiða á það hálfu missirið, þá skal því við bætt, að slík ráðstöfun ekki verður gjörð nema með lögum, og þareð þau vankvæði, sem menn óska að bót fáiast á, sumpart koma af því, eptir því sem virðist mega ráða af skjali bæjarstjórnarinnar, að ekki er hlýtt, svo sem vera ber, ákvörðuninni í 2. kafla í 20. grein í reglugjörð 27. nóvemberm. 1846, um að allir skattar skuli greiddir fyrir júnímánaðar lok ár hvert, þá verður stjórnarráðið að skora á yður að brýna fyrir hlutaðeigendum að fara eptir lagaákvörðun þessari; ber yður og að sjá um, að eptir henni sé breytt.